

Föstudaginn 30. janúar 1998.

Nr. 51/1998.

Fjörður ehf.

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Fiskiðjunni Dvergasteini ehf.

(Jónas A. P. Jónsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 22. desember 1997, þar sem máli sóknaraðila gegn varnaraðila var sjálfkrafa vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunarúrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið fyrir að nýju til efnismeðferðar og dómsálagningar. Hann krefst og málskostnaðar.

Varnaraðili kærði fyrir sitt leyti úrskurð héraðsdóms og krefst staðfestingar úrskurðarins að öðru leyti en um málskostnað. Hann krefst málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Ekki eru næg efni til að hnekkja því mati héraðsdóms, að sóknaraðili hafi ekki lagt málið fyrir dómstóla svo skýrlega sem áskilið er í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur, þar á meðal um málskostnað.

Rétt er, að hvor aðila beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 22. desember 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m. að loknum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Fjörður ehf., kt. 490290-1179, Austurvegi 21, Seyðis-

firði, höfðað með stefnu, út gefinni 28. apríl 1997, gegn Fiskiðjunni Dverga-
steini ehf., kt. 570990-2099, Hafnargötu 47, Seyðisfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda
19.347.645 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga
nr. 25/1987, með síðari breytingum] auk málskostnaðar skv. gjaldskrá lög-
fræðistofu Guðmundar Arnar Guðmundssonar hdl., sbr. fram lagðan máls-
kostnaðarreikning, og ber málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla
vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að stefnanda verði heimilað að færa dráttarvexti upp á
höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 1. '97, sbr. 12.
gr. laga nr. 25/1987.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefn-
anda, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða lægri fjárhæð en
krafist er. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að
mati dómsins.

Málsástæður stefnanda.

Í stefnu er málsástæðum stefnanda og öðrum atvikum lýst svo:

„Stefnandi hefur verið umboðsaðili Hf. Eimskipafélags Íslands og land-
flutningafélagsins Viggós hf. á Seyðisfirði undanfarin ár. Jafnframt hefur
stefnandi innt af hendi fyrir ýmis fiskvinnslufyrirtæki á staðnum lestun og
losun frystigáma ásamt reglubundnum aflestri af þeim.

Aðilar þessa máls hafa átt samfellt viðskiptasamband allt frá árinu 1990,
sbr. dskj. 4. Allt frá þeim tíma hafa viðskipti aðila verið með þeim hætti,
sem kröfur þessa máls byggjast á.

Úttektum stefnda á viðskiptamannareikningi stefnanda má skipta í fernt.
Í fyrsta lagi er um að ræða gíróreikninga vegna vörukaupa stefnda, sem
stefnandi greiddi fyrir stefnda, svo að hann fengi vörur sínar leystar út, en
um er að ræða vörur, sem annaðhvort komu til Seyðisfjarðar með skipum
Eimskipafélagsins eða landleiðina með Viggó. Í öðru lagi er um að ræða
endurgjald fyrir flutning vöru stefnda til Seyðisfjarðar með landflutninga-
fyrirtækinu Viggó. Í þriðja lagi er sömuleiðis um að ræða endurgjald fyrir
flutning vöru stefnda með Eimskipafélagi Íslands. Og í fjórða lagi eru
reikningar, út gefnir af stefnanda, sem eru endurgjald fyrir m. a. lestun og
losun frystigáma, ásamt aflestri af þeim þrisvar á sólarhring.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922 um
lausafjárkaup um efndir fjárskuldbindinga. Auk beinna tilvitnana í ákvæði
laga um lausafjárkaup vísar stefnandi til meginreglna samninga- og kröfu-
réttar um efndir fjárskuldbindinga og réttar seljanda vöru og þjónustu til að
krefjast endurgjalds.

Skuld þessi vegna úttekta stefnda á viðskiptamannareikningi hjá stefnanda sundurliðast með eftirfarandi hætti:

— — —

Þar sem stefndi hefur ekki greitt kröfuna þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutíraunir er málsókn þessi nauðsynleg.“

Málsástæður stefnda.

Í greinargerð mótmælir stefndi því, að viðskiptasamband aðila hafi verið með þeim hætti, sem segir í stefnu. „Hið rétta er, að viðskiptasamband aðila fólst í lestun og losun gáma, afgreiðslu á aðföngum til stefnda vegna vara, er fluttar voru til og frá Seyðisfirði með flutningafyrirtækjunum Eimskipafélagi Íslands og landflutningafélaginu Viggó. Ekki er það rétt, sem fram kemur hjá stefnanda í stefnu, að honum hafi verið falið að greiða giróreikninga vegna vörukaupa stefnda.“ Þá telur stefndi, að bókhald stefnanda sé ekki í samræmi við bókhald stefnda og reyndar mikið ósamræmi í bókhaldi stefnanda. Bendir hann í því sambandi á dskj. nr. 4 og nr. 16, sem eru hreyfingalistar úr bókhaldi stefnanda um viðskipti við stefnda og eiga við sama tíma að nokkru leyti, en ber ekki saman að öllu, þar sem fjallað er um sama tíma.

Undir rekstri málsins viðurkenndi stefndi að skulda stefnanda 1.445.675 kr. og lagði fram bankabók með þeirri innstæðu, sem ekki var gert ráð fyrir, að yrði afhent stefnanda sem greiðsla.

Ekki er ástæða til að fara frekar út í málatilbúnað stefnda að svo stöddu.

Forsendur og niðurstaða.

Úttektir þær, sem stefnandi telur grundvöll kröfugerðar sinnar, eru yfir 220 talsins, og er efni þeirra ekki lýst að neinu leyti né getið um samantlagða fjárhæð þeirra, sem við nánari athugun er ekki hin sama og dómkraftan. Þá er ekki gerð grein fyrir samantlögðum innborgunum, hvorki í dómkröfunni sjálfri né annars staðar í stefnu.

Engin tíraun er í stefnu gerð til að skýra skyldu stefnda til að greiða dómkröfuna með öðrum hætti en að reikningar hafi verið færðir í bókhald stefnanda.

Til stuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram sem dómskjal nr. 5 allt bókhald sitt um viðskipti sín og stefnda, þ. e. mánaðarlega hreyfingalista frá desember 1995 til desember 1996 ásamt fylgiskjöllum, alls 660 blöð. Fram kemur bæði í kröfugerð og í upptalningunni, að greitt hefur verið inn á viðskiptin, og eru taldar 22 innborganir, en þær ekki lagðar saman og ekki reiknað út, hverjar eftirstöðvar hinnar ætluðu skuldar eru. Engin leið er að sjá í stefnu eða dskj. nr. 5, hvaðan stefnandi hefur grunnkröfu sína, 19.347.645 kr.

Krafist er dráttarvaxta af fyrstu skuldfærslu frá 1. janúar 1996 og síðan

hækkandi með hverri skuldfærslu, án þess að nokkru sinni sé tekið tillit til greiðslna inn á viðskiptin.

Í máli þessu leitar stefnandi dóms um kröfur vegna yfirgripsmikilla viðskipta. Hann reisir kröfu sína eingöngu á stöðu samkvæmt eigin bókhaldi. Skýringar á kröfum þessum eru af mjög skornum skammti í stefnu, upptalning 220 úttekta, sem eingöngu eru greindar með dagsetningu og fjárhæð, og 22 innborganir stefnda, sömuleiðis einungis með dagsetningu og fjárhæð.

Stefnandi hefur lagt fram meðal sönnunargagna öll fylgiskjöl viðskiptareiknings stefnda, 660 að tölu, án nokkurrar úrvinnslu, enda þótt sýnilegt megi vera, að flest þeirra varði að engu leyti mál þetta.

Málið skýrðist ekki við aðalmeðferð og munnlegan málflutning.

Eins og kröfur stefnanda eru fram settar og grein fyrir þeim gerð í stefnu, er torvelt að skilja þær nema með ýtarlegri könnun á gögnum málsins. Er allur málatilbúnaður stefnanda í andstöðu við þær grunnreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sem ákvæði 80. gr. laga nr. 91/1991 eru reist á. Verður því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Logi Guðbrandsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Guðjóni Eyjólfssyni og Sigurþóri Ch. Guðmundssyni, löggiltum endurskoðendum, kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
